

Mál nr. 2/2013

Ár 2014, þriðjudaginn 14. janúar var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 2/2013

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (X) sem barst siðanefnd 18. mars 2013 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða (Y) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para tíkina Z við rakkann Q án þess at tíkin væri með gildar niðurstöður úr mjaðma- og olnbogamyndum. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 23. mars og henni gefinn andmælafrestur til 23. apríl. Kærða nýtti sér ekki andmælarétt sinn innan tilskilins frests og var henni send ítrekun með bréfi dagsettu 27. nóvember þar sem henni var gefinn viðbótarfrestur til 4. desember. Kærða nýtti ekki heldur þann frest og þar eð siðanefnd taldi útséð um að kærða myndi nýta sér andmælarétt sinn þá ákvað hún að taka málið til úrskurðar á fyrirliggjandi gögnum.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði var tíkin Z pöruð við rakkann Q hinn 21. júlí 2012. Hundarnir eru af kyninu Þýskur fjárhundur og eru báðir í eigu kærðu. Við pörunina var tíkin ekki með gildar niðurstöður úr mjaðma- og olnbogamyndum. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ. Kærða hefur ekki nýtt sér andmælarétt sinn né á nokkurn hátt upplýst siðanefnd um ástæður brotsins. Rúmlega mánuði eftir pörunina bárust niðurstöður úr mjaðma- og olnbogamyndatöku þar sem fram kom á aflestri að bæði mjaðmir og olnbogar tíkarinnar væru í lagi.

III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um hundakynið Þýskur fjárhundur (Schäfer):

„Mjaðma- og olnbogamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun. (Fyrir mjaðmamyndir gildir frá 01.11.1999 og olnbogamyndir frá 01.09.2010). Greinist hundur með mjaðma- og/eða olnbogalos D og E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók. (Gildir frá 01.09.2010).”

Óumdeilt er að á þeim tíma sem pörun fór fram hinn 21. júlí 2012 var tíkin ekki með gildar niðurstöður úr mjaðma- og olnbogamyndum. Samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við pörun hunda af kyninu Þýskur fjárhundur skal myndataka hafa farið fram og niðurstöður

kunnar fyrir þörun. Mjaðmamyndir eru vottorð sem áskilin eru um heilsufarsskoðun hundakynsins. Hefur kærða því gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kemur þá til skoðunar hver séu hæfileg viðurlög við brotinu. Kærða hefur ekki nýtt sér andmælarétt sinn og enga skýringu gefið á þöruninni. Kærða fékk fullnægjandi niðurstöður úr mjaðma- og olnbogamyndatöku eftir að þörunin fór fram. Siðanefnd telur það þó ekki breyta brotinu að hundurinn hafi staðist heilsufarspróf eftir. Reglan hljóðar á um að öll tilskilin vottorð liggi fyrir við þörun þannig að tryggt sé að hundurinn beri ekki með sér arfgenga sjúkdóma. Við mat á viðurlögum skal þó litið til þess að kærða hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotleg við reglur félagsins og þykir hæfileg refsing vera áminning.

IV Niðurstaða

Kærða Y telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt

f.h. siðanefndar

Guðríður Valgeirsdóttir

Hilmar Sigurgíslason

Kristín Sveinbjarnardóttir